

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfossi

Selfossi 11. júní 2019

Efni: Ósk um aukna tónlistarkennslu í Sveitarfélaginu Árborg frá hausti 2019.

Innskráning fyrir skólaárið 2019 – 2020 stendur nú yfir í Tónlistarskóla Árnésinga og verðum við vör við fjölgun umsókna, sem kemur okkur reyndar ekki á óvart miðað við fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

Við höfum nú þegar fyllt upp í klukkustundakvóta skólans í Árborg, þ.e. 216,75 klst., en biðlistinn er óþægilega langur.

Biðlisti.

Nemendur á biðlista eru 78 (um 55 klst.) í Sveitarfélaginu Árborg 11. júní 2019. Allt eru þetta börn á leik- og grunnskólaaldri, en reikna má með að fleiri umsóknir bætist við í sumar/haust.

Stórum hluta biðlistans gætum við annað með núverandi kennaravali, eða með því að fá inn kennara til að sinna nokkrum tímum.

Óskað er eftir um 50 klst. aukningu á kennslukvóta í Sveitarfélaginu Árborg frá ágúst 2019.

Kostnaður. Hver klukkustund kostar um 607.000 kr. á ári.

Með von um góðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri